

# Aðalfundur Hollvina Grensásdeildar mánudaginn 19.apríl 2010 kl 17:30

Haldinn í Safnaðarheimili Grensáskirkju

## Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Samþykkt ársreikninga
4. Árgjald
5. Starfsáætlun komandi árs
6. Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna reikninga
7. Kynning á tillögum um nýtt skipulag Grensásdeildarreitsins
8. Önnur mál

Aðalfundur samtakanna Hollvinir Grensásdeildar var, eins og undanfarin ár, haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju. Um 40 manns sóttu fundinn, þeirra á meðal ýmsir sem notið hafa þjónustu deildarinnar, starfsmenn heilbrigðisráðuneytis, og nokkrir lykilstarfsmenn Grensásdeildar og fasteignasviðs LSH. Sérstakir gestir fundarins voru Edda Heiðrún Backman leikkona, og Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra. Gunnar Finnsson formaður HG setti fundinn og bauð gesti velkomna, sérstaklega þær Eddu Heiðrúnu og heilbrigðisráðherra, sem hann þakkaði fyrir að hafa þekkt boð um að koma á aðalfundinn og ávarpa fundarmenn. Síðan var gengið til dagskrár.

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður lagði til að Þórir Steingrímsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Þórir tók við fundarstjórn og lagði til að Guðrún Pétursdóttir tæki að sér fundarritun. Var það samþykkt með lófataki.

### 2. Skýrsla stjórnar

Gunnar Finnsson formaður HG kynnti skýrslu stjórnar sem lá frammi á fundinum og er að finna í fylgiskjali með þessari fundargerð. Gunnar lagði sérstaka áherslu á þau vatnaskil sem urðu í fjárhagsstöðu HG með aðkomu Eddu Heiðrúnar Backman leikkonu á síðasta aðalfundi HG, og söfnunarátakinu Á rás fyrir Grensás sem hún stóð fyrir með aðstoð HG og annarra velunnara. Átakið hefur skilað 102,5 milljónum króna auk gjafa í fríðu. Þá væri mikið fagnaðarefni sá mikli velvilji, skilnigur á og virðing fyrir starfsemi Grensásdeildar sem átakið sýndi að ríkti í þjóðfélaginu öllu. Gunnar gerði grein fyrir reglum sem settar hafa verið um notkun söfnunarfjárins, áformum um fjárvörslu, og þeim áformum sem uppi eru varðandi nýtingu fjárins og framkvæmdir. Hann stiklaði síðan á stóru varðandi helstu viðfangsefni HG á árinu sem frá er sagt í meðfylgjandi skýrslu stjórnar. Í lokin vék hann að því að sá frábæri og jákvæði starfsandi, sem alltaf hefur ríkt á Grensásdeild væri óbreyttur þrátt fyrir niðurskurð og þar héldi starfsfólkið ótrautt

áfram að vinna verk sem hafa verið sem kraftaverk í lífi svo margra og skilað þjóðinni ómældum arði. HG dáðust að og þökkuðu þessu frábæra starfsfólki. Eftir kynningu formanns opnaði fundarstjóri fyrir spurningar og athugasemdir. Sigrún Knútsdóttur, yfirsjúkráþjálfari, kvað sér hljóðs til að þakka stjórn HG, Eddu Heiðrúnu Backman og samstarfsmönnum hennar fyrir stuðninginn og hvatninguna við Grensásdeild. Fundarmenn tóku undir þakkir Sigrúnar með lófataki.

### **3. Samþykkt ársreikninga**

Þórunn Þórhallsdóttir gjaldkeri HG kynnti ársreikninga HG og sérstaklega reikninga Söfnunarátaksins Á rás fyrir Grensás. Vísað er til ársreikninganna í fylgiskjali með þessari fundargerð.

Eftir kynningu gjaldkera opnaði fundarstjóri fyrir spurningar og athugasemdir. Stefán Yngvason spurði hvort skýring væri á því að á söfnunarkvöldinu leit út fyrir að um 120 milljónir hefðu safnast, en skv. ársreikninginum hafa 99.909.347 krónur verið innheimtar. Orri Huginn Ágústsson, framkvæmdastjóri átaksins svaraði þessari fyrirspurn og sagði ástæðuna vera einkum þá, að á söfnunarkvöldinu hafi orðið mistök í færslu einnar gjafarinnar, svo að hún var ofskráð. Töluverðan tíma hafi tekið að fá botn í þetta mál, ná í meintan gefanda og leiðréttá misskilninginn. Heimtur peningagjafa næmu um 95%, sem mætti telja mjög góðan árangur. En til viðbótar hafi margir gefið annars konar gjafir. Leitað væri leiða til að nýta þær sem best. Ekki voru fleiri spurningar. Voru reikningarnir bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

### **4. Árgjald**

Fundarstjóri kynnti að árgjaldið hefði verið óbreytt frá stofnun HG – eitt þúsund krónur. Stjórn HG lagði til að það héldist óbreytt. Fundarmenn spurðu hvort ekki mætti hækka árgjaldið að ósekju. Edda Bergmann svaraði því á þann veg, að þótt árgjaldið væri eitt þúsund krónur, þá væri öllum frjálst að greiða meira til samtakanna. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel til þessa.

Í ljósi þessa var borin upp tillaga um að árgjald árið 2010 yrði 1000 krónur. Var það einróma samþykkt.

### **5. Starfsáætlun komandi árs**

Samkvæmt lögum HG skal aðalfundur samþykkja starfsáætlun stjórnar samtakanna. Formaður kynnti starfsáætlunina, sem er svohljóðandi: Stjórnin leggur til að HG styðji af fremsta megni við uppbyggingu á húsakosti og tækjabúnaði Grensásdeildar, sem nú virðist komin í góðan farveg. HG mun stuðla að því að skipulagsvinnu við Grensásdeildarreitinn ljúki sem fyrst og fengin verði samþykkt borgarinnar á nauðsynlegum deiliskipulagsbreytingum. Jafnframt mun HG að taka þátt í og styðja við kynningarstarfsemi, sem auðveldað geti fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda. Á árinu mun HG fylgja eftir áætlunum um að reist verði yfirbyggt bílastæði við aðalinngang Grensásdeildar. Einnig mun HG stuðla að kaupum á tækjum og útbúnaði sem Grensásdeild vanhagar um. Unnið verður áfram að fjáröflun á vegum HG og lögð áhersla á að leita nýrra fjáröflunarleiða. Þá

verður áfram vakin athygli á starfi Grensásdeildar og þýðingu hennar fyrir þjóðfélagið.

Fundarmenn samþykktu starfsáætlun næsta árs samhljóða.

#### **6. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga**

Fundarstjóri kynnti að borist hefði tillaga um skipan eftirtaldra aðila í stjórn HG: Edda Bergmann, Guðrún Pétursdóttir, Gunnar Finnsson, Þórir Steingrímsson, og Þórunn Þórhallsdóttir í aðalstjórn, en Ásgeir Ellertsson og Baldvin Jónsson í varastjórn. Ekki bárust aðrar tillögur og staðfesti aðalfundur kjör þessara einstaklinga einróma með lófataki.

Lagt var til að þeir Bergur Jónsson og Ellert Skúlason yrðu áfram skoðunarmenn reikninga. Aðrar tillögur bárust ekki og var kjör þeirra staðfest einróma.

#### **7. Kynning á tillögum um nýtt skipulag Grensásreitsins**

Stefán Yngvason yfirlæknir kynnti stöðu Grensásdeildar, þróun hennar og hugmyndir um áframhaldandi þróun. Aðalsteinn Pálsson deildarstjóri á eignasviði LSH bætti við upplýsingun varðandi tæknilega útsetningu og kostnað. Kostnaður við nýbyggingu er áætlaður nema tæpum milljarði króna, en kostnaður vegna endurbóta á eldra húsnæði (m.a. að gera öll herbergi að einbýli og að bæta snyrti- og salernisaðstöðu herbergjanna) muni nema 200 milljónum til viðbótar. Hugmyndirnar eru það langt komnar að brátt verður tímabært að fara í viðræður við Reykjavíkurborg um nýtingu á byggingarreitnum.

Framkvæmdirnar eru háðar hver annarri, þannig að endurbætur á núverandi húsnæði á 2.hæð kallar á legurými á 3.hæð og þá þarf að koma núverandi starfsemi þar fyrir annars staðar osfrv. Þannig er mikilvægt að sjá fyrir heildarframkvæmdina áður en lagt er í hvern áfanga. Hægt er að brjóta þessa framkvæmd niður í skynsamlega áfanga, en halda samt þjónustu gangandi á meðan. Ekki er skynsamlegt að brjóta þetta upp í of marga og smáa áfanga – því það borgar sig ekki.

#### **8. Önnur mál**

*Edda Heiðrún Backman gerð að fyrsta heiðursfélaga HG.* Formaður kynnti að HG vildu þakka Eddu Heiðrúnu Backman fyrir hennar ómetanlega þátt í að lyfta hag Grensásdeildar með átaki sem enginn gat séð fyrir á síðasta ári. Því hafi stjórn HG ákveðið að gera Eddu Heiðrúnu Backman að fyrsta heiðursfélaga HG. Var henni afhent heiðursskjal og blómvöndur þessu til staðfestingar við mikinn fögnuð fundarmanna. Edda Heiðrún þakkaði fyrir og kvaðst vera ótrúlega heppin að hafa fundið þetta verkefni, því það hefði greinilega slegið á réttan streng meðal þjóðarinnar.

Formaður upplýsti enn fremur að Edda Heiðrún hefði samþykkt að vera sérlegur ráðgjafi HG einkum í málum er snertu fjáröflun og kynningu. Var því fagnað með lófataki.

#### **Ávarp Álfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra**

Ráðherra þakkaði HG fyrir störf samtakanna, sem væru svo brýn í samfélaginu og þakkaði jafnframt starfsfólki Grensásdeildar fyrir það einstaka starf sem þar er unnið, og sagði að á Grensásdeild væru unnin kraftaverk á hverjum degi. Ráðherra

fagnaði því sérstaklega að þeir sem nota þjónustuna séu frá fyrstu stund hafðir með í ráðum um umbætur húsnæðisins. Þaðan koma hugmyndir sem skipta miklu og er ekki víst að þær hefðu komið fram annars staðar. Ráðherra sagði að hún hefði heimsótt Grensásdeild fyrir nákvæmlega tveimur mánuðum og að mjög mikið hefði gerst síðan þá. Undirbúningsvinna, þar með þarfagreining, væri í fullum gangi, eins og kynning Stefáns Yngvasonar hefði glögglega sýnt. Innan ráðuneytisins væri verið að undirbúa nauðsynleg skref til að hægt yrði að kynna málið í ríkisstjórn. Undirbúa þarf kynningu fyrir Reykjavíkurborg og sækja um breytta nýtingu á lóðinni. Gera þarf verkáætlun, sem geri framkvæmdir mögulegar meðan deildin veitir þá þjónustu sem hún verður að veita. Ráðherra sagði að verið væri að undirbúa aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun þessara framkvæmda, rætt hefði verið við Arnar Sigurmundsson formanns stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða sem hefði sýnt málinu mikinn og jákvæðan áhuga. Þetta verkefni uppfyllti mörg skilyrði sem lífeyrissjóðirnir settu fyrir aðkomu sinni að málum, m.a. að verkefnið væri vel skilgreint, gæti hafist fljótlega og væri atvinnuskapandi. Þá staðfesti ráðherra, að ráðuneytið myndi veita HG Grensásdeildar fjárveitingu sem svaraði virðisaukaskatti söfnunarfjárins, eða um 30 milljónum. HG og deildin teldu brýnt að notað þetta fé til að bæta aðkomu fatlaðra að Grensásdeild, m.a. með yfirbyggingu bílastæða og endurbótum á lóð. Í lokin lýsti ráðherra miklum áhuga á því mikla framfaramáli sem nú væri í undirbúningi og hlakkaði til að vinna með deildinni og HG að því að láta þennan mikilvæga draum um viðbyggingu og endurbætur á Grensásdeild rætast. Fundarmenn gerðu mjög góðan róm að ávarpinu, og formaður þakkaði og fagnaði þeim eindregna vilja og áhuga sem kæmi fram í orðum ráðherra. Fundurinn veitti svo nýkjörinni stjórn umboð til að ganga frá og samþykkja fundargerð fundarins. Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið.

Guðrún Pétursdóttir ritaði fundargerð.